

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágan ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárlíði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 25% sölugjald, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 94, 16. febrúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 3. maí 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 209 15. maí 1987 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins, án greiðslu aðflutningsgjalda, fatnað og ferðabúnað sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 16 000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 8 000 kr., og andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 4 000 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málslíð 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 8 000 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið skemur en 15 daga í ferð en 16 000 kr. fyrir lengri ferð. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 8 000 kr. Taki ferð skemur en einn sólarhring má fjárhæðin þó ekki vera hærri en 4 000 kr. Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti), samkvæmt þessari málsgrein má ekki nema hærri fjárhæð en 4 000 kr. og magn þess má að hámarki vera 10 kg að þyngd.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ.m.t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlandis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlandis. Magn matvæla (þ.m.t. sælgæti) sem hver ferðamaður flytur til landsins má að hámarki nema 10 kg að þyngd, en andvirði þess má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 4 000 kr. Magn eldsneytis má að hámarki vera 200 l. Innflutningur annars eldsneytis en er í innbyggðum eldsneytisgeymi bifreiðar er óheimill.

2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Um einkasölugjald o.fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem þar greinir, þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:

	kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	590
2. Portvín, sherry, madeira, vermút, líkjörar og aperítívar, þ.m.t. bitterar undir 22% styrkl.	790
3. Aperítívar, þ.m.t. bitterar með 22% styrkleika eða meira	1 080
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar ót. a., svo og aðrar sterkar tegundir, ót.a.	1 860

B. Tóbak:

1. Reyktóbak	1520	kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	920	kr./200 stk.
3. Smávindlar	100	kr./10 stk.
Meðalstærð	430	kr./25 stk.
Vindlar, aðrir	550	kr./25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi töllyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

Þegar um er að ræða tækifæris- og gjafasendingar frá útlöndum á áfengi og tóbaki má hver sending ekki nema meira magni en tvöföldu því sem tilgreint er í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., þó ekki öl. Greiða skal einkasölugjald af slíkum sendingum eftir gjaldskránni í 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 3. maí 1988.

F. h. r.
Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.